

**Höfundur:** Sigurður Ragnarsson

**Samstarfsfólk:** Nemendur í

áfanganum LÍF 113 við FAS og

Hjördís Skírnisdóttir.

### **Markmið:**

Markmiðið með álftatalningunni var að fylgjast með álfum og lífríki þeirra á Lóni í Austur-Skaftafellssýslu og nágrenni og safna upplýsingum sem hægt er að nota til að bera saman frá ári til árs, eins og t.d fjölda fugla, vatnshita o.fl., en á þann hátt er hægt að fá upplýsingar sem gefa mynd af lífi fuglanna.

### **Almennt um álftir**

Álft eða *Cygnus cygnus* er af andaætt. Hún er stærsti varpfugl Íslands, um 1,45-1,6 m á lengd, vænghaf hennar eru um 2,18-2,43 m og hún vegur um 10 kg. Fullorðin álft er alhvít með langan grannan háls en ungfuglar og fuglar á fyrsta vetri eru gráleitir en lýsast þegar líður á vetur og eru að mestu orðnir hvítir að vori. Kynin eru eins í útliti. Goggurinn er svartur fremst en efri hluti hans er gulur. Goggur ungfugla er bleikur með svörtum broddi. Augun eru dökk og fæturnir svartir. Rödd álftarinnar er hávært og kraftmikið garg sem minnir á lúðrablastur. Á flugi teygir álftin hálsinn beint fram en á sundi hefur hún hann lóðréttan. Flug álftarinnar er kröftugt með sterklegum hægum vængjatökum .

Álftin er grasbítur og helsta fæða hennar er vatnagróður eins og stór, fergin, mara og nykur. Á grunnsævi og í sjávarlónum er marhálmur, lónajurt og grænþörungar aðalfæðan. Hún hálfkafar oft með afturendann upp til að ná til botns í dýpra vatni. Álftin fer einnig í tún og akra bænda, einkum á vorin og haustin og veldur miklum skaða. Auk þess er hún farin að fara í berjamó í auknum mæli.

Álftin er félagslynd og heldur sig venjulega í hópum, nema á varptíma en þá verja hjónin óðal, sem þau nota oft ár eftir ár.

Á sumrin heldur hún sig á vötnum, tjörnum og votlendi um allt land. Hún verpir á bökkum, í hólum eða mýrum. Hreiðrið er stór dyngja úr gróðri sem fuglarnir reyta upp, fóðrað með dúni. Þeir nota oft sama hreiðurstæðið ár eftir ár. Álftein verpir 2-6 hvítum eða gulhvítum eggjum, klaktíminn er 34-35 dagar og ungatíminn er 77-91 dagur. Kvenfuglinn liggur á eggjunum og karlfuglinn stendur vörð. Hún er farfugl og kemur til landsins á vorin (mars-apríl) og fer svo á haustin (september-nóvember). Nokkrir fuglar hafa þó vetursetu, aðallega í vogum og við fjörur á S-,SV-landi og á Mývatni. Samtals eru það oft um 1.000 fuglar í heild, en stofnstærð álfteinarinnar að hausti er um 25.000 fuglar og varppörin eru um 2.500-3.000. Geldfuglahópar eru víða og halda sig gjarnan í óshólum, lífríkum vötnum, lygnum vogum, strandlönunum og grunnnum fjörðum.

Síðsumar (júlí-ágúst) fella álfteinar flugfjaðrirnar (leggjast „í sár“), og verða þá ófleygar. Áður en þær fella fjaðrirnar safnast þær á svæði þar sem þær hafa næga fæðu, eins og í lygnum vogum, grunnum fjörðum og strandlönunum. Dæmi um þetta er Lónið, en síðsumars eru þær gjarnan um 5.000-6.000 fellifuglar. Þegar þær hafa fengið flugfjaðrirnar aftur og fitað sig nóg, fljúga þær flestar til Bretlandseyja, aðallega til Írlands, þar sem þær dvelja fram á vor.

### **Heimildir:**

Brian Pilkington. 1992. **Íslenskir fuglar**. Iðunn. Reykjavík. (bls 56-57).

Brynjúlfur Brynjúlfsson. 2011. **Álfteir í Lóni**. RÚV. Síðan var síðast uppfærð 24.10.2011. Sótt 29. apríl 2012. Slóðin er: <http://www.ruv.is/frett/alfteir-i-loni>

Jóhann Óli Hilmarsson. 2011. **Íslenskur fuglavísir**. Mál og menning. Reykjavík. (bls. 134-135).

### **Framkvæmd:**

#### **Efni og áhöld:**

- Feltebók og skriffæri.
- GPS-tæki (GARMIN GPSMAP 62).
- Svifháfur.
- Vatnshitamælir.
- pH – strimlar (pH 0-14).

- Seltumælir.
- Krukkur til að geyma það sem veitt var með svifháfinum.
- Handsjónaukar og öflugri sjónaukar á þrífót.

### **Verklýsing:**

Farið var á bíl að austurbakka Lóns í Austur-Skaftafellsýslu. Þar var bjart í veðri, hvöss norðanátt, 9 m/s og 16 m/s í hviðum. Hiti var um frostmark og snjóföl á jörðu.

Stoppað var á sjö stöðum við eða í nágrenni Lónsins. GPS tækið var notað til að finna staðina (sömu staðir og í fyrra) og taka hnit á þeim. Á þeim stöðum sem voru við fjöruborð Lónsins voru gerðar seltu-, sýrustigs-, og hitastigsmælingar á vatninu. Álftirnar voru svo taldar frá tveimur af þessum sjö stöðum. Svifháfurinn var notaður til sýnatöku og sýnin sett í krukkur sem var svo farið með í skólann þar sem sýnin voru skoðuð. Eftir um 4 tíma rannsóknarferð var farið til baka.

### **Mæliniðurstöður og úrvinnsla:**

Eins og kom fram hér að framan var farið á sjö staði. Staður 1 var við austurenda Lónsins. Hnit hans eru  $64^{\circ}24'387''N / 14^{\circ}33'0,48''V$ , þar voru gerðar mælingar. Vatnshitinn var  $3,3^{\circ}C$ , sýrustigið (pH-gildi) var 7 og seltan var 5 %. Vatnsborðið reyndist vera lægra en það var fyrir ári síðan þegar mælingar voru gerðar.

Staður 2 var við Litla-Lónið, sem er ofan við Þjóðveg 1. Hnit hans eru  $64^{\circ}24'413''N / 14^{\circ}32'998''V$ , þar voru gerðar mælingar og reyndist vatnshitinn vera  $5,6^{\circ}C$ , sýrustigið var 7 og seltan var 2 %.

Staður 3 var við ræsi sem er undir Þjóðvegi 1 og rennur úr Litla-Llóni. Staðurinn var Litla-Lónsmegin við vegin og hnit hans eru  $64^{\circ}24'527''N / 14^{\circ}33'194''V$ . Þar voru gerðar mælingar og vatnshitinn reyndist vera  $7,5^{\circ}C$ , sýrustigið var 6,7 og seltan 5 %. Svifháfurinn var notaður til sýnatöku, en engar lífverur reyndust vera í sýninu.

Staður 4 var fyrir neðan útsýnispall sem er við Þjóðveg 1. Hnit hans eru  $64^{\circ}25'0,69''N / 14^{\circ}35'550''V$ . Þar voru gerðar mælingar og vatnshitinn reyndist vera  $4,4^{\circ}C$  sýrustigið 7 og seltan 7 %. Þar var svifháfurinn notaður til sýnatöku. Engar lífverur reyndust vera í sýninu. Álftir voru taldar frá útsýnispallinum og voru um 5.572.

Staður 5 er austan við Vík og hefur hnitin  $64^{\circ}25'366''$  N /  $14^{\circ}36'794''$  V. Þaðan var gengið eftir fjöruborðinu austur að útsýnispallinum. Á leiðinni fundust leifar af tveimur dauðum álfum. Önnur álf tin hafði verið merkt með merkinu 4VT. Einnig fannst nýdauður æðabliki.

Staður 6 er við afleggjara heim að Svínhólum. Hnit hans eru  $64^{\circ}25'884''$  N /  $14^{\circ}41'401''$  V. Þaðan voru álfir taldar og reyndust þær vera um 294. Í heild voru því um 5.866 álfir á Lóninu.

Staður 7 er á klöppunum austan við Reyðará. Hnit hans eru  $64^{\circ}25'436''$  N,  $14^{\circ}42'901''$  V. Þar voru einungis tekin hnit. Ekki þurfti að telja álfir þaðan, því að tekist hafði að ljúka álfatalningunni frá hinum stöðunum.

Meðal álfanna voru tveir svartir svanir og tveir dvergsvanir og að minnst akosti tvær merktar álfir. Auk þess voru fleiri fuglategundir á Lóninu og í nágrenni þess, svo sem rauðhöfðaendur, grágæsir, æðafuglar, stökkendur og fýlar. Einnig voru nokkur hreindýr á suðausturbakka Lónsins.

## **Ályktun og túlkun á niðurstöðum**

Ljóst er að Lón er stór samkomustaður álfta á þessum árstíma en samkvæmt talningunni sem gerð var, voru á því um 5.866 álfir og þar af voru tveir dvergsvanir og tveir svartir svanir. Sé tekið mið af því að stærð stofnsins að hausti sé um 25.000 álfir, þá er þarna samankominn um 23% af stofninum. Auk álfta er að finna þarna fleiri fuglategundir svo sem æðarfugla, endur, grágæsir og fýla. Lónið er því sérlega athyglisverður staður fyrir fuglaáhugamenn og annað fólk. Hita-, seltu- og sýrustigsmælingar voru gerðar á tveimur stöðum í Lóninu og einnig á tveimur stöðum í Litla- Lóninu sem er ofan við vegin (sjá Mæliniðurstöður og úrvinnsla). Miðað við þær mælingar virðist vatnið Lóni vera um 2-4 °C kaldara og einnig aðeins saltara en vatnið í Litla- Lóninu.

Skoðunarferðin tókst vel þrátt fyrir töluvert hvassvirði og ljóst er að Lón er mikilvægur viðkomustaður stórs hluta álfstofnsins á Íslandi.

**Framhaldsskólinn í Austur Skaftafellssýslu, 29. apríl 2012**

*Sigurður Ragnarsson*

**Sigurður Ragnarsson**